

**Ed.**

### **73. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason.

**1. gr.**

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist nýr málsl.:

Þó skal jafnan með öllu bönnuð dragnótaveiði innan afmarkaðra hafnarsvæða, hvar sem er á landinu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Samkvæmt gildandi lögum eru dragnótaveiðar leyfðar nokkurn hluta ársins, hvar sem er í íslenskri landhelgi. Hefir þessi veiðiaðferð færzt mjög í aukana hin síðari ár, og kemur ósjaldan fyrir, að dragnótaskip kastar netum sínum inni á lög-giltum höfnum. Hefir þetta vakið nokkra óánægju þeirra, er búa í aðliggjandi kaup-túnum og oft geta veitt sér fisk til matar inni á höfnunum. Á Austfjörðum og víðar á landinu hagar svo til, að síld, ufsi, smáfiskur og koli gengur inn á hafnirnar á þeim tíma árs, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, og hefir oft orðið mikil björg að þessu, einkum síldinni, sem veidd er hæði í lagnet og landnætur. Telja menn, að fengin sé reynsla fyrir því, að dragnótaveiði á svo grunnu vatni og takmörkuðu svæði sem hafnirnar eru spilli mjög annari veiði þar inni. Komið getur það og fyrir, að drag-nótaveiði inni á höfnum samrýmist ekki þeim reglum, sem settar eru um notkun hafnanna.

Þar sem dragnótaveiði á höfnum inni hefir mjög litla þýðingu fyrir þennan veiðiskap í heild sinni, en hefir hinsvegar í för með sér nokkurt óhagræði fyrir þá, sem búa í grennd við hafnirnar, og getur auk þess spillt verðmeiri veiði, svo sem síld- og ufsaveiði, þykir rétt að banna með lögum dragnótaveiði inni á höfnum. Banni þessu er aðeins ætlað að ná til löggiltra hafna, og aðeins þeirra, sem hafa af-markað hafnarsvæði samkvæmt lögum eða reglugerðum.